

Víðtæk bílaábyrgð

Skilmáli nr. B-7

Skilmáli þessi er viðbót við almennan skilmála bílaábyrgðar nr. B-6. Félagið bætir samkvæmt honum brot eða bilun á neðangreindum vélarhlutum.

- 1. gr. Vél**
Strokklok (hedd), strokklokspakkning (heddpakning), ventlar (fyrir utan sóthreinsun, brennda eða tærða ventla), ventilstýringar, ventilgormar, undirlyftur, vökvaundirlyftur, undirlyftustangir, knastás og knastáslegur, vippuarmasamstæða, tímahjól, keðjur, tímakeðjur og tímareimar, reimar og strekkjarar, stimplar og stimpilhringir, strokkslífar og slífapéttingar, stimpilstangir og legur, stimpilboltar, sveifarás og legur, ballansásar og legur, olíudælur og olíudæludrif, deilidrif og deilidrifgir, kashjól og startkrans, sog- og útblástursgreinar ásamt péttingum, innri fódhringar, strokkstykki (blokk), sveifarásreimhjól, áspétti (sveifaráspéttingar)
- 2. gr. Forþjappa (túrbína)**
Innri bilun í forþjöppu og úttaksventli (EGR ventill) og EGR kæli sem settur var á í verksmiðju bílaframleiðanda og millikælir.
- 3. gr. Kúpling**
Höfuðdæla og strokkþræll, kúplingsbarki og fótstigssamstæða.
- 4. gr. Gírkassi (beinskiptur, sjálfskiptur og yfirgir)**
Beinskipting: Gírar, snúningsásar, samhröðunarhjól og hringir, skiptiásar og skiptigafflar, framlengingarskaft, legur ásamt gírstöngum og fódhringum.
Sjálfskipting: átaksbreytir (converter), kúplingar og hemlabönd, ventlar og ventilstykki, gangráður (handvirkur og rafknúinn) olíudæla og pakkningar, legur ásamt gírstöng og fódhringum, hjálparbúnaður og stilliventill, áspétti, Yfirgir: gírar, snúningsásar og legur.
- 5. gr. Framhjóladrif**
Kambhjól og pinnjón, mismunadrif, fódhringar og legur, auk ytri drifskafa, kúplinga, kúluhjöruliðir og gúmmíhlífa, nafir, drifflans og krosshjöruliðir.
- 6. gr. Afturöxull**
Kambhjól og pinnjón, mismunadrif, snúningsásar, legur, kúluhjöruliðir og gúmmíhlífar, olíupakkning og aftari nafir og drifflans.
- 7. gr. Fjögurra hjóla drif**
Mismunadrif að framan, mismunadrif milli öxla og læsing, aftara mismunadrif og læsing, legur og snúningsásar, kúplingar, kúluhjöruliðir og gúmmíhlífar, nafir og drifflans.
- 8. gr. Drifskaft**
Drifskaft, krosshjöruliðir, drifskafsupphengja og olíupétti.
- 9. gr. Fjöðrunarbúnaður**
Efri og neðri klofspyrrur, fódhringar, gormar, kúlur, glussa-gas-fjöðrunareiningar og hjólalegur (upp að 80.000 km), sjálfjafnandi fjöðrunarbúnaður, geymir, dæla og þrýstijafnaraventill.
- 10. gr. Bremsukerfi**
Höfuðdæla; hjálparbúnaður fyrir bremsur, dísil sogdæla, diskabremsuklafi, hjóldælur, þrýstijafnari, ABS dæla og stýriening. Þrýstiminnkunar- og jöfnunarventlar fyrir ABS, handbremsuvírar og tengingar, samstæða bremsufótstigs, sjálfstillandi búnaður, ABS nemar.
- 11. gr. Kælikerfi**
Vatnskassi, vatnslás, vatnsdæla, miðstöðvarelement, olíukælir vélar, vifta, vatnslásshús, hitamælir, rafeindastýribúnaður og stýritengingar.
- 12. gr. Stýribúnaður**
Tannstöng og pinjón, stýrisvél, stýrisupphengja, stýristúbuskaft, kúplingar, veltistýrisbúnaður, aflstýriening að dælu meðtalinni, þrýstleiðslur og geymir.
- 13. gr. Eldsneytiskerfi**
Vél- og rafknúnar eldsneytisælur, loftstreymismælir, spíssar (einnig kælikerfi fyrir spíssa), sjálfvirkur eldsneytisloki, þrýstijafnari, nemar, spjaldhús, eldsneytismælir og mælíbúnaður í eldsneytisgeymi. Hlutar og stýribúnaður í dísil innspýtingarkerfi, innspýtingardæla, spíssar, glóðarkerfi, rafsegulloki.
- 15. gr. Rafeindastýrð kveikja**
Allur samrásastýri- og ræsingarbúnaður sem er staðalbúnaður frá framleiðanda.
- 16. gr. Loftræsting**
Loftræstipjappa (AC dæla), þéttir, rafeindastýriening, nemar, segulkúpling og ventlar, eimsvali, eimir og geymir, viftustýring og nemar.
- 17. gr. Rafbúnaður**
Innri bilun í startara, rafala, stillir, kveikja, rúðupurrkumótor framan og aftan, hitablástursmótor, kæliviftumótor, flautu, segullíða og mótorar miðlæsingar, mótorar fyrir rafdrifnar rúður, sóllúgu og hurðar, mótorar fyrir rafdrifna hliðarspegla og loftnet, mótorar fyrir rúðusprautur framan og aftan, mótorar til að stilla framljós, skriðstilli, liða og aðalleiðslur, snúningshraðamæli, vatnskassakæliviftu og stefnuljósabúnaður.
- 18. gr. Hlífar**
Hlífar eru tryggðar svo fremi að þær hafi skemmst vegna bilunar tryggðs íhluta eða skemmdir á þeim séu afleiðing af skemmdum vegna bilunar í tryggðum íhlut.
- 19. gr. Olíuleki**
Skipti á þétti og pakkningum sem krefjast þess að fjarlægja þurfi vélina, gírkassann/drifið og drifskóft eða mismunadrif til að sinna viðgerðum.

Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2010